



Velferðar- og mannréttindaráð
b.t. Bjargar Baldursdóttur formanns

Kópavogi, 21. apríl 2025
2502216/005.05

Efni: Svar við fyrirspurn vegna viðaukabeiðna

Á fundi velferðar- og mannréttindaráðs þann 20. febrúar 2025 var lögð fram eftirfarandi fyrirspurn:

„Sigurbjörg Erla Egilsdóttir aðalmaður Pírata í velferðar- og mannréttindaráði óskar eftir að lagðar verði fram þær viðaukabeiðnir sem farið hafa frá velferðarsviði til bæjarstjóra það sem af er kjörtímabili.“

Ráðið bókaði eftirfarandi:

„Velferðar- og mannréttindaráð vísar málinu til úrvinnslu hjá sviðsstjóra velferðarsviðs.“

Reglugerð um fjárhagsáætlanir sveitarfélaga og ábyrgð sveitarstjórna:

Sveitarstjórnir bera ábyrgð á fjárhag sveitarfélaga. Þeim ber að tryggja að ákvæðum laga um fjármál sveitarfélaga sé fylgt. Einvörðungu sveitarstjórn getur tekið ákvarðanir um málefni sem varða verulega fjármál sveitarfélagsins. Til slíkra málefna teljast m.a. eftirtalin atriði:

1. staðfesting ársreiknings,
2. fjárhagsáætlun næstkomandi árs,
3. fjárhagsáætlun til fjögurra ára,
4. viðauki við fjárhagsáætlanir,
5. lán, ábyrgðir eða aðrar fjárhagslegar skuldbindingar sveitarfélags,
6. sala eigna sveitarfélagsins og annarra réttinda þess,
7. álagning skatta og gjalda,
8. ráðning eða uppsögn endurskoðanda.

Sveitarfélögum er heimilt eftir því sem leiðir af viðkomandi lagareglum að ákveða sér eðlilegan afrakstur af því fjármagni sem er bundið í rekstri stofnana þeirra og fyrirtækja. Sveitarstjórn ber að sjá til þess að rekstri, fjárfestingum og ráðstöfun eigna og sjóða sé ávallt þannig hagað að sveitarfélagið muni til framtíðar geta sinnt skyldubundnum verkefnum sínum.

Í 18. gr. reglugerðar nr. 1212/2015 með síðari breytingum er fjallað um viðauka við fjárhagsáætlun en þar segir: „Óheimilt er að víkja frá fjárhagsáætlun næstkomandi árs nema sveitarstjórn hafi áður samþykkt viðauka við áætlunina, sbr. 2. mgr. 63. gr. sveitarstjórnarlaga. Á þetta við um hvers kyns ákvarðanir, samninga eða aðrar fjárhagslegar ráðstafanir sem hafa í för með sér breytingar á tekjum, útgjöldum, skuldbindingum eða tilfærslur milli liða í fjárhagsáætlun í þegar samþykktari áætlun. Viðauki er ekki gildur nema hann feli einnig í sér útfærða ákvörðun um það hvernig þeim útgjöldum eða tekjulækkun sem gert er ráð fyrir verði mætt. Á það einnig við þótt heildarútgjöld eða heildartekjur



breytist ekki vegna samþykktar hans. Í tillögu til sveitarstjórnar að viðauka við fjárhagsáætlun skal því lýst hvaða breyttu forsendur kalli á breytingu á áætluninni og í hverju breytingin felist. Í fylgiskjali III er að finna nánari leiðbeiningar vegna gerðar viðauka við fjárhagsáætlun auk leiðbeinandi forms um hvernig breytingin er útfærð. Þar eru einnig tilgreind þau tilvik þar sem tilfærslur innan málaflokka/liða eru heimilar án þess að fyrir liggi samþykktur viðauki, sbr. 4. mgr. 63. gr. sveitarstjórnarlaga.“

Viðaukar við fjárhagsáætlun – velferðarsvið

Frá árinu 2021 hafa eftirtaldar viðaukabeiðnir verið lagðar fram af hálfu sviðsstjóra velferðarsviðs og samþykktar í bæjarráði og staðfestar í bærarstjórn:

- **Viðaukabeiðni 2021 – 2106583 og 21005166**
Eftirskólaúrræði og Ás styrktarfélag
- **Viðaukabeiðni 2022 – 22032538**
Kostnaður vegna vistunar barns í einkareknu úrræði
- **Viðaukabeiðni 2024 – 24061007**
Aukin kostnaður vegna vistunar barna utan heimilis í fóstri og einkareknum úrræðum
- **Viðaukabeiðni 2025 – 24121901**
NPA og beingreiðslusamningar

Sviðsstjóri og skrifstofustjóri rekstrar velferðarsviðs bera ábyrgð á þróun útgjalda sviðsins í samvinnu við lykilstjórnendur velferðarsviðs sem og bærarstjóra, skrifstofu áhættu- og fjárstýringar og bærarstjórn. Þegar upp koma tilvik þar sem fyrirséð er útgjaldahækkun er farið yfir allar forsendur og ávallt er leitast við að finna svigrúm innan gildandi fjárheimilda þar sem því verður viðkomið. Í flestum tilvikum þegar fyrirséð er að leggja þarf fram beiðni um viðauka er um ófyrirséðar útgjaldahækkanir að ræða s.s. vegna fjölgunar barna sem vista þarf utan heimilis skv. ákvæðum barnaverndarlaga eða vegna nýrra íbúa sem þarfnast umfangsmikillar stuðningsþjónustu skv. lögum um málefni fatlaðs fólks með langvarandi stuðningsþarfir.

Allar beiðnir um viðauka eru lagðar fram í bæjarráði sem þá vísar áfram til staðfestingar í bærarstjórn þar sem við á.

Virðingarfyllst,

Sigrún Þórarinsdóttir
Sviðsstjóri velferðarsviðs Kópavogsbæjar

